

Fundargerð
6. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 13. apríl 2015 kl. 11:00

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg,
Haraldur Lindal Haraldsson, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ,
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi,
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ,
Árman Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogsbæ.

frá stjórn Strætó bs.:

Bryndís Haraldsdóttir, Mosfellsbæ, stjórnarformaður,
Gunnar Valur Gíslason, Garðabæ,
Theódóra Þorsteinsdóttir, Kópavogi,
Einar Birkir Einarsson, Hafnarfirði,
Kristín Soffía Jónsdóttir, Reykjavík,
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Ennfremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Einar Kristjánsson, sviðsstjóri hjá Strætó bs., Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Dagur B. Eggertsson stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. mál: Framtíðarsýn Strætó bs. – Borgarlína og þróun samgönguáss

GVG gerði grein fyrir stefnumótun Strætó bs. vegna þess verkefnis sem framundan er við að móta framtíðarlausnir og leiðir í almenningsamgöngum á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2030, einkum í ljósi þeirrar stefnu sem fram kemur í tillögu að nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og mótun „Borgarlínu“, meginsamgönguáss fyrir höfuðborgarsvæðið.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendavettvangur fagnar framkomnum tillögum sem felast í stefnumótuninni og vísar þeim til stjórnar SSH til frekari úrvinnslu.

2. mál: Nýjar starfsreglur stjórnar Strætó bs.

BH kynnti nýjar starfsreglur stjórnar Strætó bs. sem samþykktar voru á stjórnarfundum byggðasamlagsins 27. febrúar sl. Skv. ákvæðum í eigendastefnu Strætó bs. er gert ráð fyrir að starfsreglurnar skuli lagðar fyrir eigendavettvang byggðasamlagsins.

Eigendavettvangurinn staðfesti starfsreglurnar og samþykkti að senda þær til kynningar hjá stjórn SORPU bs. og SHS.

3. mál: Akstursútboð Strætó bs.

Fyrir fundinum lá greinargerð og tillaga stjórnar Strætó bs. til eigendavettvangs byggðasamlagsins vegna akstursútboðs 2015. Fyrir liggur að byggðasamlagið þarf að hefja sem fyrst vinnu við útboð á akstri á þeim hluta þjónustunnar sem unnin verður af verktökum, þar sem nógildandi samningar renna út um mitt ár 2016, og ekki er unnt að framlengja þeim meir en þegar hefur verið gert.

BH gerði grein fyrir meginforsendum stjórnar vegna útboðsins og því uppleggi sem mótað hefur verið og sem byggir á að byggt verði á samingskaupaferli við útboðið.

Umræður

Rætt var um kosti og galla mismunandi útboðsleiða og tengsl verkefnisins við ákvæði um áhættumat verkefna í grein 4.3. í eigendastefnu Strætó bs., sem og tengsl við ákvæði í 66. og 94. grein nógildandi sveitarstjórnarlaga.

Niðurstaða

Ákveðið að stjórn Strætó bs. ljúki mótun tillögu um útboðið á stjórnarfundum sínum 17. apríl, og nýr eigendafundur verði haldinn saman dag til að ljúka afgreiðslu máls.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 12:15

Páll Guðjónsson, fundarritari.